

FÓKUS

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2009

Á síðasta aðalfundi þ. 16. október 2008 voru kosnir 2 nýir varamenn og formaður var endurkjörinn. Einn varamaður gekk upp í aðalstjórn til eins árs. Stjórnin var þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Ásta St. Thoroddsen
<i>Meðstjórnendur</i>	Benedikt Benediktsson
	Bjarni Þór Björnsson
	Óskar Einarsson
<i>Varamenn</i>	Ásgerður Magnúsdóttir
	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir

Félagsmenn

Félagsmenn voru 71 í nóvember og hefur enn fækkað lítillega, líklegt að áhrifa kreppunnar gæti þar að nokkru. Kynjaskipting er enn mjög jöfn, nú eru 33 konur og 38 karlar í félaginu. Dreifing milli starfsgreina er mjög svipuð og áður. Hópurinn skiptist á milli starfsgreina á eftirfarandi hátt:

Frá tölvugeiranum voru 11, frá heilbrigðistofnunum voru 50, frá opinberu stjórnsýslunni voru 2 og 8 í flokknum annað.

Stjórn Fókus

Stjórnin hefur haldið 4 fundi á árinu. Þar hafa verið rædd ýmis málefni til umfjöllunar og einnig hefur fyrirhuguð EFMI – STC (Special Topic Conference) ráðstefna sumarið 2010 verið mikið á dagskrá.

Undirbúningsnefndir fyrir STC 2010

Sett var á laggirnar sérstök undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna með þátttöku flestra stjórnarmanna. Í nefndina var valið fólk sem hefur sýnt starfi í félaginu og ráðstefnunni áhug féлага úr stjórn.og framkvæmdastjóra Skýs.

Í undirbúningsnefndinni fyrir STC-2010 á Íslandi eiga sæti:

Ásta Thoroddsen, varaformaður, Arna Harðardóttir, Ásgerður Magnúsdóttir, Arnheiður Guðmundsdóttir, Hákon Sigurhansson, Óskar Einarsson, Rannveig Ásgeirsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið 5 fundi það sem af er árinu. Gefinn hefur verið út bæklingur um ráðstefnuna og auglýst eftir erindum (call for papers) í október. Einnig hefur ráðstefnan verið kynnt í Tölvumálum 1./34 í nóvember 2009 og við önnur tækifæri á fundum og mannamótum. Allar upplýsingar um ráðstefnuna má sjá á netfanginu www.sky.is undir STC2010.

Þá skipaði stjórn EFMI sérstaka dagskrárnefnd til að sjá um dagskrá ráðstefnunnar. Þar eru fulltrúar EFMI sem jafnframt eru formenn þeirra vinnuhópa EFMI sem sinna þeim málefnum sem eru þema ráðstefnunnar Hún er svo skipuð; Bernd Blobel sem er formaður, Ebba Þóra Hvannberg varaformaður, Christian Lovis, Jos Aarts og Jacob Hofdijk. Auk þess starfar Stig Kjær Andersen framkvæmdafulltrúi EFMI þétt með nefndinni.

Fundir og ráðstefnur

Fyrsti fundur ársins var fræðslufundur um merkingar, rekjanleika og öryggi sjúklinga. Hann var haldinn þriðjudaginn 21. apríl kl. 16:15 – 17:30 í fundarsal Læknafélaganna í Hlíðarsmára 8.

Á fundinum var rætt um mikilvægi merkingar og rekjanleika fyrir öryggi sjúklinga ásamt innleiðingu og framkvæmd slíkra aðferða.

Fyrirlesarar voru Benedikt Hauksson, framkvæmdastjóri GS1 á Íslandi sem ræddi um möguleika á strikamerkjatækninni í heilbrigðiskerfinu, Niels Chr. Nielsen aðstoðarmaður lækningaforstjóra Landspítala háskólasjúkrahúss sem talaði um niðurstöður nefndar LSH um strikamerkingar sjúklinga og þá einkum hvað hefði torveldað upptöku tækninnar. Síðasti fyrirlesari var Inga Jakobína Arnardóttir yfirlýfjafræðingur LSH og sagði frá strikamerkingum við lyfjaumsýslu og þá sérstaklega reynslu Norðmanna við innleiðingu rafræns kerfis við AHUS, Oslo. Í lok fundarins voru umræður.

Annar fundur var haldinn þann 19. maí í húsnæði Læknafélaganna í Hlíðarsmára. Efni hans var kynning á “Stefnutillögum í málefnum rafrænnar sjúkraskrár”

Á fundinum verða kynntar tillögur um framtíðarstefnu fyrir þróun og skipulag rafrænnar sjúkraskrár og heilbrigðisnets á Íslandi sem stýrihópur heilbrigðisráðuneytisins hefur lagt fyrir heilbrigðisráðherra. Þorvaldur Ingvarsson, formaður stýrihópsins og framkvæmdastjóri lækninga á FSA kynnti tillögurnar og Valgerður Gunnarsdóttir, starfsmaður stýrihópsins og formaður Fókus kynnti hverjir væru í vinnuhópum á vegum stýrihópsins og starf þeirra. Umræður voru á eftir.

Heilbrigðisráðstefna Skýs og Fókus var haldin þann 24. nóvember kl. 13.-16.15 á Grand hótél og var yfirskriftin “Hagræðing og hugsjónir”. Fulltrúar Fókus í undirbúningsnefnd voru þeir Benedikt Benediktsson og Bjarni Þór Björnsson. Erindi fluttu þau Viðar Viðarsson frá Sjúkratryggingum Íslands og talaði um Þjóðhagslegt arðsemismat verkefna í upplýsingatækni innan heilbrigðisgeirans, Guðjón Vilhjálmsson hjá EMR talaði um aðgengi að dreifðum sjúkraskrárgögnum á landsvísu, Guðmundur Guðmundsson frá Heilbrigðisstofnun Austurlands ræddi reynsluna af opnum hugbúnaði hjá HSA og Torfi Magnússon á Landspítala talaði um samvirkni (Interoperability) við meðferð heilsufarsupplýsinga. Eftir kaffi flutti Helga Hansdóttir frá Heima er best erindi sem nefndist heimaþjónusta við aldraða – ný sýn, Rakel Valdímarsdóttir hjá Landspítali talaði um hagræðingu og vísindi með notkun interRAI geðheilbrigðismats, Snorri Hreggviðsson hjá Algildingu talaði um staðla við innflutning á sjúklingum til aðgerða á Íslandi, María Bragadóttir frá Iceland

Health ræddi ný sóknarfæri í heilbrigðisþjónustu, Gunnar Ármannsson frá PrimaCare ehf. kynnti verkefni þeirra í Mosfellsbæ og Valgerður Gunnarsdóttir frá Heilbrigðisráðuneyti kynnti fyrirhugaða ráðstefnu EFMI um samtengingu og sendingar gagna og þýðingu þess fyrir öryggi sjúklinga sem halda á í júní 2010 á Íslandi.

Ráðstefnustjóri var María Heimisdóttir sviðsstjóri Hag- og upplýsingasviðs á LSH.

Erlend samskipti

Formaður Fókus sat fund fulltrúaráðs EFMI í Sarajevo þ. 29. ágúst. Fundurinn var haldinn í tengslum við MIE ráðstefnuna sem var frá 30. ág. – 2. september. Þar var m.a. undirbúningur fyrir STC ráðstefnuna á Íslandi þ. 2. - 4. júní 2010 ræddur og gengið frá skipan í dagskrárnefnd ráðstefnunnar.

Lokaorð

Að lokum þakka ég öllum sem sótt hafa fundi fyrir þátttökuna og fyrirlesurum fyrir þeirra framlag. Einnig vil ég þakka starfsmönnum Skýs þeim Pálínu Kristinsdóttur og Guðbjörgu B. Karlsdóttur sem létu af störfum í ár fyrir gott samstarf og samvinnu og einnig Arnheiði Guðmundsdóttur núverandi framkvæmdastjóra fyrir hennar starf.

Reykjavík, 17. nóvember 2009

Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus